

Vinnuhópur vegna viðfangsefnis: „Fólk án atvinnu“

Efnisyfirlit:

1	STAÐAN	2
2	STAÐAN Í DAG	4
2.1	FJÖLBREYTT ÚRRÆÐI Í BOÐI	4
3	TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA	5
3.1	MIKILVÆGI ÞESS AÐ MARGIR KOMI AÐ MÁLUM	5
3.2	AUKIN ÞÖRF Á MARKVISSUM STARFSTENGÐUM ÚRRÆÐUM	5
3.3	MARKVISSARA AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM FYRIR FÓLK ÁN ATVINNU	5
3.4	VELJA SKYNSAMLEGT FORM Á FJÁRHAGSLEGUM STUÐNINGI	6
3.5	HUGA SÉRSTAKLEGA AÐ VELFERÐ BARNNA	6
3.6	KÖNNUN Á AÐSTÆÐUM FÓLKS ÁN VINNU	6
3.7	AUKA FRAMBOÐ MARKVISSRA ÚRRÆÐA SEM HAFU GEFIST VEL	6
3.8	AÐ ÝTA UNDIR NÝJAR HUGMYNDIR OG FREKARI NÝSKÖPUN	7
3.9	BREYTINGAR TIL AÐ SPORNA VIÐ AUKNUM FJÖLDA ÖRORKULÍFEYRISPEGA	7
3.10	STARFSENDURHÆFINGARSÍÐUR OG SAMSTARF VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN OG TR	7
3.11	HUGA AÐ ÞEIM HÓPUM SEM HAFU LÍTINN BÓTARÉTT	7

1 Staðan

- **Kortlagning á ástandinu**
- **Mat á afleiðingum kreppunnar á markhópin**
- **Hvaða upplýsingar vantar til að skýr mynd fáist?**

Um 16.500 manns eru án atvinnu í dag sem samsvarar um ríflega 8% af áætluðu vinnuafli. Þar af eru um 20% í hlutastarfi á móti bótum svo þeir sem enga atvinnu hafa eru heldur færri.

Greining á hópi atvinnulausra sýnir að þeir sem aðeins hafa lokið grunnskólanámi eða minna standa höllustum fæti á vinnumarkaði. Um þriðjungur allra sem eru á vinnumarkaði tilheyra þessum hópi, en yfir 50% þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá. Atvinnuleysi er því hæst meðal þeirra sem minnsta hafa menntunina og er það viðvarandi mynstur hvort sem samdráttur eða þensla er í efnahagslífinu. Atvinnuleysi er einnig mikið meðal iðnaðarmanna um þessar mundir vegna hins snarpa samdráttar sem verið hefur í byggingariðnaði, en alla jafna er atvinnuleysi lítið meðal þeirra. Þá er töluvert atvinnuleysi meðal fólks með stúdentspróf, en reynslan sýnir að sá hópur verður einna fyrst fyrir barðinu á atvinnuleysi þegar fer að kreppla að.

Hjá Vinnumálastofnun eru til staðar ýmsar upplýsingar um stöðuna og þróun á vinnumarkaði s.s. um fjölda atvinnulausra eftir landsvæðum, atvinnugreinum og kynjum og um fjölda útlendinga á vinnumarkaði. Þar eru einnig skráðar upplýsingar um laus störf, hópuppsagnir og greiðslur úr ábyrgðarsjóði launa. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á heimsíðu Vinnumálastofnunar.

Til að leggja mat á stöðu þessa hóps í dag og meta það hvers konar stuðningur er væntanlegur til árangurs er brýnt að safna saman góðum upplýsingum um þarfir og aðstæður fólks án atvinnu. Eitthvað af slíkum upplýsingum er hægt að afla með greiningu fyrirbyggjandi gagna en annarra upplýsinga er þörf á að afla sérstaklega t.d. með könnunum. Slík vinna er hafin hjá Vinnumálastofnun og þar stendur til að gera m.a. skoðanakönnun meðal atvinnulausra til að greina betur stöðu þessara einstaklinga, fjölskylduaðstæður og þörf fyrir þjónustu. Niðurstöður slíkrar athugunar geta gefið góðar vísbendingar um skynsamlegar áherslur og leiðir varðandi þjónustu og stuðning. Til eru einnig eldri rannsóknir sem nauðsynlegt er að skoða í þessu sambandi og nýta sér þá þekkingu sem þar kemur fram.

Dæmi um upplýsingar í þessu samhengi eru eftirfarandi:

- Fjölskylduaðstæður atvinnulausra, fjöldi barna, fjöldi atvinnulausra innan sömu fjölskyldu – t.d. í hversu mörgum fjölskyldum er þær aðstæður að enginn hefur atvinnu?
- Áhrif á líðan, heilsufar og virkni atvinnulausra einstaklinga
- Fjárhagslegar aðstæður – afleiðingar atvinnuleysis hvað varðar afkomu og lífsbjörg.
- Athugun á óskum og væntingum atvinnulausra gagnvart þjónustu, stuðningi og aðstoð – flokkað eftir mismunandi stöðu (s.s. reynslu, menntun og fyrri atvinnu)
- Athugun á viðhorfum atvinnulausra gagnvart þeim stuðningi sem er í boði – flokkað eftir mismunandi stöðu (s.s. reynslu, menntun og fyrri atvinnu)

Þegar betri upplýsingar liggja fyrir um aðstæður fólks án vinnu er hægt að leggja fram markvissa áætlun og leiðir til að mæta brýnni þörf fyrir þjónustu og tryggja að nauðsynleg úrræði séu til staðar. Það er því ákaflega brýnt að taka saman betri upplýsingar um aðstæður fólks sem er án vinnu í dag. Einnig þarf í þessu samhengi að skoða sérstaklega stöðu þeirra einstaklinga sem ekki eiga rétt á

bótum og hafa ekki verið í stéttarfélagi. Um hversu marga einstaklinga er að ræða og hvert þeir geta leitað eftir aðstoð.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að veruleg hættu er á gríðarlegri fjölgun örorkulífeyrisþega í kjölfar mikils atvinnuleysis. Atvinnumissir er skipbrot fyrir þann sem fyrir því verður. Mat sérfræðinga og reynsla annarra þjóða sem hafa farið í gegnum efnahagskreppu er að atvinnuleysi geti haft alvarleg áhrif á heilsu fólks og leitt til minni starfsgetu og jafnvel örorku, ef ekki er gripið í taumana. Einnig hefur verið á það bent að þeir sem búa við skerta starfhæfi verði oftast fyrst fyrir því að missa vinnuna þegar að krepur á vinnumarkaði. Því er viðbúið ef ekkert er að gert, að veruleg fjölgun verði í hópi öryrkja sem gæti þýtt að stórir hópar yrðu langvarandi utan vinnumarkaðar. Hjá TR hefur þegar gætt aukins álags og verulega vaxandi fjölgunar á milli mánaða í hópi þeirra sem hafa fengið örorkumat

2 Staðan í dag

Hvað hefur þegar verið gert til að koma í veg fyrir alvarlegar/varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins?

Það sem skiptir auðvitað mestu máli er að skapa hér á landi þær aðstæður í efnahagslífinu að atvinnulífið geti eflst á nýjan leik með fjölgun starfa. Hér verður hins vegar ekki fjallað um aðgerðir og leiðir í þessum efnum heldur eingöngu beint sjónum að tímabundnum úrræðum fyrir fólk án atvinnu sem hafa það markmið tryggja virkni og koma í veg fyrir að atvinnuleysið hafi í för með sér alvarlegar afleiðingar á heilsufar og félagslegar aðstæður til lengri tíma.

2.1 Fjölbreytt úrræði í boði

Ef eingöngu er litið á þau úrræði sem í boði eru til að virkja og hvetja fólk án atvinnu er ljóst að víða er verið að vinna mjög gott starf bæði við að byggja upp fjölbreytt úrræði fyrir atvinnulausa og að taka saman upplýsingar um þau úrræði sem eru í boði þannig að þær séu aðgengilegar t.d. á vefnum. Þannig eru til staðar mjög góð úrræði í ráðgjöf og fræðslu fyrir fullorðna hjá fræðsluaðilum um land allt. Vinnumálastofnun, stofnanir, stéttarfélög, fyrirtæki og ýmis félagasamtök bjóða í dag upp á fjölbreytt úrval úrræða og aðstoðar fyrir atvinnulausa. Er hér bæði um að ræða menntunarúrræði svo og fjölbreyttan stuðning s.s. vegna áfalla, skipulagningar fjármála og sjálfsstyrkingar. . Auk þess má nefna að Starfsendurhæfingarsjóður er í uppbyggingu og mun hann skipuleggja og fjármagna víðtæka þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

3 Tillögur til úrbóta

3.1 Mikilvægi þess að margir komi að málum

Fólk án atvinnu í dag er stór hópur með mismunandi bakgrunn, aðstæður, þekkingu og reynslu. Til að mæta þörfum þessa hóps þurfa að vera til staðar ólík úrræði og leiðir. Það er því að mati vinnuhópsins jákvætt að margir aðilar komi að málum, á þann hátt skapast aukin fjölbreytni bæði hvað varðar námsframboð, aðstoð og upplýsingagjöf og aðeins á þann hátt verður því markmiði náð að viðeigandi aðstoð standi öllum þeim til boða sem eru án vinnu. Það þarf hins vegar að tryggja það betur að upplýsingar um úrræði og leiðir séu nægilega aðgengilegar og að þeim sé beint á markvissan hátt til fólks án atvinnu. Tillögur til úrbóta hér eru settar fram í næsta kafla.

3.2 Aukin þörf á markvissum starfstengdum úrræðum

Ljóst er að þörf á markvissum úrræðum á eftir að aukast. Sá hópur sem búinn er að vera lengi án atvinnu fer vaxandi. Þannig eru nú um 1.200 manns búnir að vera atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur. Næstu mánuði á þessi hópur eftir að vaxa hratt og reikna má með að ástandið verði mjög erfitt í haust þegar 4-5.000 manns verða komnir í hóp langtímaatvinnulausra, þar af er yfir 1.000 manns sem þá hafa verið atvinnulausir lengur en 1 ár. Einnig er mikilvægt að auka starfstengd úrræði fyrir hópa og sérstaklega fyrir fullorðin fólk sem ekki er í neinni virkni, en rannsóknir sýna að fólk sem komið er yfir miðjan aldur á erfiðara með að komast aftur út á vinnumarkaðinn en þeir yngri, ekki síst hafi þeir verið án atvinnu um lengri tíma.

3.3 Markvissara aðgengi að upplýsingum fyrir fólk án atvinnu

Það þarf að tryggja það betur að upplýsingar verði nægilega aðgengilegar og að þeim sé beint á markvissan hátt til fólks án atvinnu. Það sem þarf því að gera að mati vinnuhópsins er eftirfarandi:

1. Tryggja að fólk án atvinnu geti í gegnum einn miðil eða á einum stað fengið yfirsýn yfir öll þau úrræði sem eru í boði. Setja þarf fram aðgengilegt yfirlit flokkað eftir nokkrum efnisflokkum til að auðvelda leit. Þetta væri hægt að gera t.d. á vefsíðu og/eða að vefsíða Vinnumálastofnunar innihaldi tengingar inn á aðrar góðar upplýsingasíður en dæmi um slíkar síður eru t.d. síðurnar <http://www.menntatorg.is> og <http://frae.is/samstarfshopur/frettir/>
2. Taka saman nauðsynlegar upplýsingar á einfaldan hátt (s.s. með tenglum inn á vefsíður og fleira) á skjal sem dreift er til atvinnulausra hjá Vinnumálastofnun – t.d. á fræðslufundum eða við skráningu. Æskilegt væri að hægt væri að framfylgja því verklagi hjá Vinnumálastofnun að einstaklingur tilkynnir sig atvinnulausan að hann fái um leið úthlutað tíma hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar sem færi yfir með viðkomandi þau úrræði sem að standa til boða. Samkvæmt þeim upplýsingum sem vinnuhópurinn hefur fengið hafa aðstæður undanfarinna mánaða orðið til þess að ekki hefur verið hægt að framfylgja þessu verklagi heldur hefur kynningu og ráðgjöf verið miðlað til stærri hópa í einu, þó þannig að ef einstaklingur óskar sérstaklega eftir viðtali hefur verið við því orðið. Til að tryggja virkni viðkomandi einstaklings ætti að stefna að því að ráðgjafinn og hinn atvinnulausi ákveði sameiginlega ákveða hvaða úrræði henti hinum atvinnulausa og um leið væri gengið frá skráningu hans í hópa, nám eða annað. Um leið myndi slíkt samtal gagnast hinum atvinnulausa til að fá upplýsingar um réttindi sín og skyldur. Slíkt samtal getur einnig vegið þungt í að aðstoða hinn atvinnulausa í að takast á við það áfall að missa vinnuna og gætu ráðgjafarnir einnig gert nauðsynlegar ráðstafanir ef þeir yrðu varir við að andleg heilsa viðkomandi væri það bág að rétt væri að grípa inn í með einhverjum hætti.
3. Reynslan hefur sýnt að atvinnulausir vilja frekar taka þátt í þeim námsúrræðum og þiggja aðstoð sem ekki er sérstaklega eyrnamerkt atvinnulausum heldur er öllum opin. Ber að hafa þetta í huga varðandi skipulagningu þeirra úrræða sem ætluð eru þessum hópi.

3.4 Velja skynsamlegt form á fjárhagslegum stuðningi

Mikilvægt er að fjárhagslegur stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur verði skipulagður á þann hátt að fólk „læst“ ekki inni í bótakerfinu og eigi erfitt með að taka launaðri vinnu þegar hún er í boði. Það er t.d. skynsamlegra að fjárhagslegur stuðningur sé bundinn við almennt lágar ráðstöfunartekjur einstaklinga og fjölskyldna en ekki því að viðkomandi sé á bótum, hvort sem um er að ræða atvinnuleysisbætur, endurhæfingarlífeyrir eða örorkulífeyrir. Þannig þarf að endurskoða og samræma stuðning vegna barna svo að hann nái til allra foreldra sem hafa framfærslu undir tilteknum mörkum – en ekki einungis þeirra sem fá greiddar bætur af einhverjum toga. Þetta á einnig við um annað form á stuðningi s.s. ýmis konar styrki eða aðstoð.

Einstaklingar og fjölskyldur á lágum launum (sem oft eru ekki mikið hærrí en atvinnuleysisbætur) standa nú frammi fyrir því að ná ekki endum saman en fá í mörgum tilfellum ekki sömu aðstoð og þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eða aðrar bætur. Einnig eru dæmi um það að þeir fái ekki sömu fyrirgreiðslu hjá fjármálastofnunum (t.d. vegna óskar um frýstingu lána) vegna þess að þeir geta ekki sýnt fram á tekjuskerðingu þó ótvírætt sé að fjárhagsleg geta þessara einstaklinga hefur skerst verulega vegna minnkandi kaupmáttar og hækkunar á afborgunum.

3.5 Huga sérstaklega að velferð barna

Það er mikilvægt að huga sérstaklega að velferð barna og gæta þess að öll börn njóti þjónustu samfélagsins óháð efnahag foreldra. Þetta á t.d. við um þætti eins og máltíðir í skóla, leikskólavist, tómstundir og fleira. Mikilvægt er að allir sem vinna með börnum og skipuleggja þjónustu fyrir börn taki mið af þessu. Sérstakur vinnuhópur er að fjalla um þetta mikilvæga málefni og því er ekki fjallað nánar um það í skýrslu þessari. Nú eru yfir 10.500 börn sem eiga foreldri sem er atvinnulaust, þar af eru yfir 4.000 á leikskólaaldri og um 5.500 á grunnskólaaldri.

3.6 Könnun á aðstæðum fólks án vinnu

Brýnt er að safna saman góðum upplýsingum um þarfir og aðstæður fólks án atvinnu. Slík vinna er í farvegi hjá Vinnumálastofnun og þar stendur til að gera m.a. skoðanakönnun meðal atvinnulausra til að greina betur stöðu þessara einstaklinga, fjölskylduaðstæður og þörf fyrir þjónustu. Niðurstöður slíkrar athugunar geta gefið góðar vísbendingar um skynsamlegar áherslur og leiðir varðandi þjónustu og stuðning. Það er mikilvægt að þessari vinnu sé flýtt eins og mögulegt er. Einnig þarf að skoða þær eldri kannanir sem til eru og hvaða ályktanir megi draga af þeim.

3.7 Auka framboð markvissra úrræða sem hafa gefist vel

Tiltekin úrræði hafa gefist sérstaklega vel hjá Vinnumálastofnun og þau þarf að efla. Þar má nefna sjálfstyrkingarnámskeið og ýmis tengd námskeið s.s. vinnuklúbba og sjálfstyrkingarnámskeið. Auk þess eru fjöldi starfstengdra námskeiða í boði s.s. vinnuálanámskeið.

Einnig er mikilvægt að auka starfstengd úrræði fyrir hópa og sérstaklega fyrir fullorðið fólk sem ekki er í neinni virkni. Ýmis slík úrræði eru í boði fyrir atvinnulausa með stuðningi Vinnumálastofnunar í tengslum við lög um vinnumarkaðsúrræði og nýlega reglugerð á grundvelli þeirra laga. Má þar nefna átaksverkefni sem henta vel til að skipuleggja úrræði fyrir stærri hópa um skemmri tíma, og starfsþjálfun og reynsluráðningu innan fyrirtækja.

Starfsþjálfunarsamningar hafa einnig oft reynst vel hjá Vinnumálastofnun og þeim þarf að fjölga í því samhengi þá er einnig áhugavert að skoða sérstaklega þann möguleika að þróa betur starfstengd námsúrræði og nýta þá reynslu og sveigjanleika sem fræðsluaðilar um land allt hafa við hönnun sértækra námskeiða fyrir skilgreinda markhópa og fyrirtæki..

Um 31% Íslendinga á aldrinum 25 – 64 ára hafði ekki lokið formlegu námi úr framhaldsskóla árið 2005. Samkvæmt samningi menntamálráðuneytisins við ASÍ og SA um Fræðslulumiðstöð atvinnulífsins (FA) er þetta aðal markhópur þeirrar starfsemi sem fram fer undir regnhlíf FA á vegum níu

símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og Mímis- símenntunar ásamt fræðslusetrum iðnaðarins í Reykjavík. Á þeirra vegum fer fram náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat ásamt miklum fjölda sérsniðinna námsleiða fyrir þennan markhóp svo og íslenskukennsla fyrir útlendinga. Eins og fram kemur í upphafi þessa kafala sýnir greining á hópi atvinnulausra að þeir sem aðeins hafa lokið grunnskólanámi eða minna standa höllustum fæti á vinnumarkaði. Um þriðjungur allra sem eru á vinnumarkaði tilheyra þessum hópi, en yfir 50% þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá. Því er afar brýnt að standa vörð um framangreinda þjónustu á næsta ári, sérstaklega í ljósi fyrirsjáanlegs niðurskurðar í opinberum útgjöldum.

3.8 Að ýta undir nýjar hugmyndir og frekari nýsköpun

Mikilvægt er að stuðningskerfi við fólk án atvinnu sé þannig uppbyggt að það hvetji til nýrra hugmynda og nýsköpunar. Má í því sambandi nefna frumkvöðlaverkefni og þróun eigin viðskiptahugmynda sem atvinnulausum stendur til boða skv. áður nefndri reglugerð. Það er því jákvætt að margir mismunandi aðilar komi að málum en á móti er mikilvægt að upplýsingar um öll slík úrræði séu tekin saman og gerð aðgengileg öllum í atvinnuleit (sbr. umfjöllun í kafla 3.1 hér að framan). Þá þarf að efla starfsemi TR til að auka virkni endurhæfingar- og örorkulífeyrisþega.

3.9 Breytingar til að sporna við auknum fjölda örorkulífeyrisþega

Til að sporna við auknum fjölda örorkulífeyrisþega er mikilvægt að gera breytingar á núverandi örorkumatskerfi ásamt því að endurskoða fyrirkomulag örorkulífeyris og endurhæfingarlífeyris. Koma þarf á starfsgetumati í stað örorkumats og tryggja virkni einstaklinganna með endurhæfingu. Þá er mikilvægt að hraða endurskoðun almannatrygginga þannig að taka megji upp nýtt réttindakerfi hið allra fyrsta. Lengja þarf þann tíma sem greiða má endurhæfingarlífeyri og efla starfsemi TR til ráðgjafar og eftirfylgni. Einnig þarf að efla mjög úrræði í starfsendurhæfingu m.a. með samstarfi Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnumálastofnunar og TR – sbr. umfjöllun í næsta kafla. Það skiptir miklu máli að strax séu gerðar ráðstafanir í þessa veru strax en ekki beðið eftir því að heilu árgangarnir verði óvirkir þegar til lengri tíma eða jafnvel varanlega. Það er afar slæmt fyrir einstaklinginn sjálfan og hans nánustu en ekki síður fyrir samfélagið sem á þá erfiðara með að endurheimta virkni sína.

3.10 Starfsendurhæfingarsjóður og samstarf við Vinnumálastofnun og TR

Mikilvægt er að byggja upp gott samstarf á milli Starfsendurhæfingarsjóðs, Vinnumálastofnunar og TR og er sú vinna í farvegi. Atvinnuleysi getur leitt til langvarandi veikinda og í dag er á vegum Starfsendurhæfingarsjóðs verið að byggja upp ráðgjöf og úrræði hjá stéttarfélögum um allt land til að aðstoða einstaklinga með skert starfsþrek við að auka starfsgetu sína.

3.11 Huga að þeim hópum sem hafa lítinn bótarétt

Ýmsir hópar sem eru á vinnumarkaði eða hafa hug á að vera á vinnumarkaði hafa lítinn eða engan bótarétt. Huga þarf að því, nú þegar afar erfitt er að fá vinnu og þar með tekjur til framfærslu, hvort styðja þurfi sérstaklega við bakið á einstaklingum sem t.d. eru að ljúka námi og hafa ekki lengur tekjur af námslánum, vilja snúa aftur út á vinnumarkað eftir vinnuhlé og fleiri hópa,